

Leiðin áfram er ætíð frá staðnum sem maður dvelur á, en aldrei til baka til hans aftur. Staðurinn getur sjálfur verið hár eða lágur. Vér getum átt heima niðri í dalnum og ætlað oss yfir hæðina eða fjallið, þá er farið áfram og uppávið í þeim skilningi. En svo getur heimahúsið líka staðið uppi í hlíðinni en ferðinni heitið ofan í dalinn, þá er leiðin áfram en niðurávið. Í þriðja lagi getur leiðin líka legið beint, yfir sléttar engjar. Í öllum þremur tilfellunum segjum vér að vér höldum áfram, vér förum áfram upp fjallið, áfram ofan í dalinn, áfram yfir sléttuna. Nú vitum vér að mannlífinu í sjálfu sér er oft líkt við ferðalag, og að það er það í vissum skilningi. Og það er í þeim víðtækari skilningi, sem einnig er hægt að nota orðið áfram alveg á sama hátt og á voru einstaklings ferðalagi, yfir jörðina eða milli nábúahúsanna. Ferðalag þjóðanna, mannlífið sjálft, liggur ýmist uppávið eða ofanávið, en áfram er það alltaf, því tíminn eilífur og ævarandi, leyfir engum að standa í stað, ekki mönnum eða skepnum, jurtum eða trjám. Ein þjóðin rís til vegs og frama og ríkidæmis; þá segja menn: leið hennar liggur áfram og uppávið. Annari hnignar og hún gengur saman, þá er hún að fara niðurávið, ofan í dalinn. Beinadal mannkyns sögunnar, þar sem ein fornaldar þjóðin eftir aðra er orðin hvít og blásin beinahrúga.

Þegar Rómverjar lögðu undir sig Bretland og Valland þá sögðu menn og ýmsir segja enn, þjóðin var að komast ofar, hún var í uppgangi. En þó er þjóðin þá, og hershöfðingjar hennar, orðnir tilfinningalausir fyrir öllu nema eigin dýrð, og hermönnum hennar er þá fyrst kend óhlýðni og hversu þeir geti fengið vilja sinn í öllu með því að setjast um sína eigin borg, en síðar verður frelsi hennar að tjóni.

Þegar hinn ógæfusami en ágæti keisari Júlían, er málattlingum fornkyrkjunnar þóknaðist að skíra guðniðing, reyndi að rétta við listafræði og heimspeki Grikkja, með því að afnema ríkis-kristina Grísk-Rómversku, hugði hann og margir fleiri að þjóðin væri að taka spor áfram og uppávið. Uppávið var hún að stíga en áfram ekki, hún var að snúa heimleiðis aftur og með